



Lúxemborg, 24. nóvember 2014

FRÉTTATILKYNNING 15/2014

Dómur í máli E-27/13 *Sævar Jón Gunnarsson gegn Landsbankanum hf.*

VERÐTRYGGING LÁNA – RÖNG UPPLÝSINGAGJÖF UM HEILDARLÁNTÖKUKOSTNAÐ ER ÓSAMRÝMANLEG TILSKIPUNINNI UM NEYTENDALÁN.

Með dómi sem kveðinn var upp í dag svaraði EFTA dómstóllinn spurningum Héraðsdóms Reykjavíkur um túlkun á tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán („tilskipunin um neytendalán“) og tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum („tilskipunin um óréttmæta skilmála“).

Árið 2008 tók Sævar Jón Gunnarsson lán hjá Landsbankanum hf. Skuldabréfið sem var gefið út fyrir láninu hafði að geyma staðlaða samningsskilmála sem Landsbankinn samdi en þar var tekið fram að lánið bæri breytilega vexti, væri tengt vísitölu neysluverðs og að höfuðstóll þess hækkaði í hlutfalli við hana. Sævar Jón undirritaði einnig fylgiskjal skuldabréfs, greiðsluáætlun með sundurliðun afborgana af láninu. Í greiðsluáætluninni var miðað við 0% verðbólgu en sú viðmiðun endurspeglar ekki þá verðbólgu sem þekkt var þegar lánið var tekið. Af þeim sökum reyndist greiðslubyrði lánsins talsvert hærri að nafnvirði en gert var ráð fyrir í greiðsluáætluninni.

Sævar Jón höfðaði í kjölfarið mál á hendur Landsbankanum. Hann hélt því fram að fyrirkomulagið í lánsamningnum hefði brotið gegn tilskipuninni um neytendalán og þeim íslensku lögum sem sett voru til þess að innleiða tilskipunina, auk þess sem lánsamningurinn hefði haft að geyma óréttmætan skilmála í neytendasamningi. Landsbankinn mótmælti þessum málsástæðum. Héraðsdómur Reykjavíkur óskaði í framhaldinu eftir ráðgefandi álitum EFTA-dómstólsins um túlkun tilskipunarinnar um neytendalán og tilskipunarinnar um óréttmæta skilmála.

EFTA-dómstóllinn taldi að hugtakið „heildarlánskostnaður“ í neytendalánatilskipuninni fæli í sér allan kostnað sem neytanda bæri skylda til að greiða samkvæmt lánsamningnum, að meðtöldum vöxtum og kostnaði sem leiddi af verðtryggingu höfuðstólsins. Dómstóllinn taldi að lánsamningur sem gerði ráð fyrir 0% verðbólgu á tíma þegar verðbólga væri töluvert hærri, gæfi ekki rétta mynd af þeim kostnaði sem leiddi af verðtryggingu og þar með heildarlánskostnaði.

Að því gefnu að þeirri vernd sem neytendalánatilskipunin veitti samkvæmt túlkun dómstólsins væri ekki teft í tvísýnu, áréttaði EFTA-dómstóllinn að það væri landsdómstólsins að meta, að teknu tilliti til allra atvika málsins, hvaða áhrif röng upplýsingagjöf af þessu tagi hefði og hvaða úrræðum væri hægt að beita af því tilefni.

EFTA-dómstóllinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að ef lánastofnun léti hjá líða að upplýsa viðskiptavin sinn fyllilega um heildarlánskostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt tilskipuninni um neytendalán, gæti það einnig talist til óréttmætra viðskiptahátta

gagnvart neytendum samkvæmt tilskipun 2005/29/EBE um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum.

Dómstóllinn benti á að þær spurningar landsdómstólsins er snertu tilskipunina um óréttmæta skilmála væru efnislega samhljóða spurningunum sem nánar hefði verið fjallað um í máli E-25/13 *Gunnar V. Engilbertsson gegn Íslandsbanka hf.* Í ljósi efnis spurninganna þótti engin ástæða til að greina á milli veðláns, sem fyrra málið snerist um, og neytendaláns, eins og þetta mál lyti að. Svörin urðu því efnislega samhljóða í báðum málum.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal, dómurinn sjálfur gildir.